



Reykjavíkurborg

Starfsstöð SORPU bs í Álfsnesi

**Matslýsing vegna breytingar á
Aðalskipulagi Reykjavíkur
2001-2024**

Maí 2009

Drög 2, **25.5.2009**

VSÓ RÁÐGJÖF

Starfsstöð SORPU bs í Álfsnesi

Matslýsing vegna breytingar á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024

09144

\\vsofile\Verk\2009\09144\v\Matslýsing\09144_090510_Sorpa_Álfsnes_matslýsing.docx

Maí 2009

1	22.5.2009	SP	SGT	SGT
Nr. Útg.	Dagsetning	Unnið	Yfirfarið	Samþykkt



1.	Inngangur	1
2.	Efni aðalskipulagsbreytingu	1
3.	Tengsl við aðra áætlanagerð	2
4.	Álfsnes – staðhættir	2
5.	Umhverfismat – aðferðir og framsetning	2
5.1	<i>Ásýnd</i>	3
5.2	<i>Loftgæði</i>	3
5.3	<i>Hljóðvist</i>	3
5.4	<i>Skipulag og byggðapróun</i>	3
5.5	<i>Annað – ekki til frekari umfjöllunar</i>	5
5.5.1	<i>Fornleifar</i>	5
5.5.2	<i>Náttúrufar</i>	5
6.	Upplýsingar og viðmið	6
7.	Vöktun/eftirfylgni	7
8.	Kynning og samráð	8
9.	Heimildir 8	

1. Inngangur

Unnið er að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001 – 2024 vegna áforma SORPU bs um að afmarka athafnasvæði fyrir meðhöndlun úrgangs. Fyrirtækið hefur urðað sorp í Álfnesi síðan 1991 en samningur um afnot af landi til urðunar gildir til ársins 2014.

Áform um uppbyggingu nýrrar stöðvar og stærra athafnasvæðis í Álfnesi eru byggð á:

- Aukin þörf á vinnslu lífræns úrgangs m.a. vegna lagaákvæða um að draga úr urðun lífræns úrgangs, skv. lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003.
- Stefnu sorpsamlaganna um að hætt verði að urða lífrænan og brennanlegan úrgang í síðasta lagi árið 2020.
- Samanburði og staðarval á þjónustusvæði sorpsamlagna.


2. Efni aðalskipulagsbreytingu

Tillagan að aðalskipulagsbreytingu nær til afmörkunar á nýju athafnasvæði í Álfnesi þar sem gert er ráð fyrir svæði til meðhöndlunar og förgunar úrgangs í stað þess að gera ráð fyrir blandaðri byggð og opnu svæði til sérstakra nota, sbr. gildandi aðalskipulagi. Sjá myndir 1a og 1b.

Fyrirhuguð breyting er matsskyld í samræmi við 3. gr. laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana, þar sem tl. 11b í 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum segir:

- *Förgunarstöðvar þar sem úrgangur er brenndur, meðhöndlaður með efnun eða urðaður.*

Samhliða þessari breytingu er unnið að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur vegna iðnaðarhafnar og afmörkun svæðis fyrir grófan iðnað á vestanverðu Álfnesi.



Mynd 1a. Tillaga að breyttri landnotkun á Álfnesi (ekki endanleg mynd)



3. Tengsl við aðra áætlanagerð

Í eftirfarandi töflu er gerð grein fyrir þeim áætlunum sem litið verður til í matsvinnunni.

Áætlun	Matsvinna
Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2001 – 2024	Unnið verður að breytingu svæðisskipulags samhliða breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001 – 2024
Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2009 – 2020	Umhverfismat aðalskipulagsbreytingar tekur tillit til niðurstaðna umhverfismats vegna svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs..

4. Álfssnes – staðhættir

Álfssnes er rúmlega 700 ha að stærð. Afmörkun er miðuð við ströndina að norðan, austan og sunnan, við Leirvogsa og meðfram Vesturlandsvegi.

Nokkrir bæir eru á Álfssnesi (Naustanes, Reynihvammur, Leirur, Blásteinar, Fitjakot, Vogur) en hefðbundinn landbúnaður er ekki stundaður lengur. Að Fitjum er rekið gistiheimili. Landeigendur þar hafa sótt um að stækka gistiheimilið og byggja íbúðarhús fyrir fjölskyldumeðlimi. Lítil náma er sunnan við veginn að bænum. Hestahagar eru víða á nesinu.

Sorpa bs. hefur leigt land jarðarinnar Álfssnes (320 / 340 ha) og er með samning um afnot af landi til urðunar og nýtingar til ársins 2014.

Hjúkrunarheimili er rekið í Víðisnesi á suðvestanverðu nesinu.

Gerður hefur verið tímabundinn samningur við Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis, Skotreyrn (félag skotveiðimanna) og Vélhjólaiþróttaklúbbinn um afnot að landspildum í landi Álfssness til ársloka 2020.

Orkuveita Reykjavíkur er með nokkrar rannsóknarborholur (hitastigulsholur) á svæðinu og í Aðalskipulagi Reykjavíkur er á Gunnunesi afmarkað vinnslusvæði vegna jarðhita.

Um náttúrufar og verndarsvæði er fjallað í kafla 3.1.12 í greinargerð I í Aðalskipulagi Reykjavíkur og kafla AR22 í greinargerð II. Eyjar í Kollafirði eru á Náttúruminjaskrá, þ.e. Þerney, Lundey, Engey og Akurey. Um er að ræða lágur grónar eyjar í næsta nágrenni við þéttbýli. Þar eru varpstöðvar allmargra fuglategunda. Önnur svæði á náttúruminjaskrá í nágrenni Álfssness eru Leiruvogur, Óshólmar Leirvogssár, ásamt strandlengju, fjörum og grunnsvæði útaf Blikastaðakró og Gunnunesi. Þar er fjölbreytilegur strandgróður, lífríkar fjörur, mikið fuglalíf. Í Aðalskipulagi Reykjavíkur eru Leirvogsa í Kjalarnesi hverfisvernduð.

Fyrirhugað svæði fyrir meðhöndlun úrgangs er ekki á Náttúruminjaskrá eða eru í gildi sérstakar takmarkanir á landnotkun.

5. Umhverfismat – aðferðir og framsetning

Sorpa bs hefur á undirbúningsstigi mótað hugmyndir að þremur mögulegum valkostum varðandi staðsetningu starfsstöðvarinnar í Álfssnesi. Um er að ræða þrjá staði sem allir liggja þétt við fyrirhugaða Sundabraut, sbr. mynd 1 b. Áhersla matsvinnu er að bera saman þessa þrjá staðarvalkosti með tilliti til mögulegra umhverfisáhrifa og nýta umhverfismatið við ákvörðun á hentugasta svæðinu fyrir meðhöndlun úrgangs. Matið er unnið af Skipulagssviði Reykjavíkurborgar, VSÓ Ráðgjöf og Sorpu bs.

Samanburður á staðarvali verður m.t.t. til ásýndar, loftgæða, hljóðvistar og skipulagi og þróunar.



5.1 Ásýnd

Ásýnd svæðis fyrir meðhöndlun úrgangs er mikilvægur þáttur sem þarf að huga að. Hugsanlega verða mannvirki stöðvarinnar sýnileg víða.

Lykilspurning matsvinnu: Hversu sýnileg mannvirki/athafnasvæði verða frá Sundabraut, Vesturlandsvegi meðfram Kollafirði, Leirvogstungu í Mosfellsbæ, fyrirhugaðri byggð í Geldingarnesi og hugsanlegri framtíðarbyggð í Álfsnesi?

5.2 Loftgæði

Vinnsla úrgangs getur haft neikvæð áhrif á loftgæði. Möguleg áhrif er lykt frá lífrænum úrgangi. Einnig verða til mengunarefni við brennslu úrgangs. Áhrif frá úrgangsvinnslustöðvum á loftgæði eru þekkt og viðeigandi tækni og mótvægisáðgerðir hafa verið þróaðar til að koma í veg fyrir eða draga úr þessum áhrifum. Í umhverfismati Sameiginlegra svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs kemur fram að tæknibúnaður vinnslustöðvarinnar verði besta fánlega tæknin á þessu sviði.

Lykilspurning matsvinnu: Er munur á þeim staðarvalkostum m.t.t. lofgæða sem eru til skoðunar fyrir vinnslu úrgangs í Álfsnesi? Fjallað verður um mögulega lyktarmengun í nágrenni svæðisins.

Ekki verður náðar fjallað um möguleg áhrif starfsemi sem fylgir brennslu úrgangs á andrúmsloftið. Slíkri umfjöllun er vísað í mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar starfstöðva og starfsleyfi. Í því mati verði fjallað ítarlega um mögulega loftmengun vegna brennslu á úrgangi og gerð grein fyrir því með hvaða hætti verður komið í veg fyrir eða dregið úr neikvæðum áhrifum á loftgæði.

5.3 Hljóðvist

Hávaði frá starfsemi á svæðinu hefur líklega neikvæð áhrif á nánasta umhverfi stöðvarinnar miðað við núverandi landnotkun og framtíðarbyggðar.

Fyrirhuguð vinnslustöð kemur til með að skapa umferð sorpflutningabíla og fer sú umferð vaxandi með aukinni afkastagetu stöðvarinnar. Í mati á umhverfisáhrifum Sundabrautar þarf að meta áhrif umferðar á hljóðvist. Í því mati þarf að liggja fyrir mat á umferð til og frá athafnasvæðis Sorpu bs. og nýrrar iðnaðarhafnar í Álfsnesi. Í kjölfar þess mats verður hægt að meta nauðsyn þess að grípa til mótvægisáðgerða. Staðarval á athafnasvæði Sorpu bs. kemur ekki til með að hafa áhrif á umferð þungaflytningabíla.

Lykil spurning matsvinnu: Er hávaði frá starfsemi Sorpu bs. í næsta nágrenni líklegur til að fara yfir viðmiðunarmörk?

5.4 Skipulag og byggðapróun

Samhliða fyrirbyggjandi tillögu um breytingu aðalskipulags vegna áforma Sorpu bs. er til skoðunar möguleiki á að staðsetja iðnaðarsvæði fyrir grófa starfsemi ásamt höfn á vestanverðu Álfsnesi. Þessi áform kalla á að skoða verði líklegar breytingar sem varða byggðapróun. Umfjöllun á undirbúningsstigi hefur til dæmis verið um að ný staðsetning iðnaðar í Álfsnesinu er líkleg til að draga úr þörf fyrir slíka starfsemi á öðrum stöðum, bæði þar sem hún er í dag og þar sem hún er fyrirhuguð á gildandi aðalskipulagi, þ.e. í Geldingarnesi.

Lykil spurningar matsvinnu: Hvernig fellur staðarval fyrir vinnslu úrgangs að annarri landnotkun í nágrenninu? Hvernig samræmast áætlanir Sorpu bs. heildarþróun svæðisins?



Mynd 1b. Mögulegar staðsetningar fyrir athafnasvæði Sorpu.



5.5 Annað

5.5.1 Fornleifar

Árbæjarsafn og Fornleifastofnun Íslands hafa skráð minjar í Álfnesi. Unnið er að frekari úrvinnslu þeirrar skráningar. Í matsvinnu vegna aðalskipulagsbreytingarinnar verður ekki fjallað um fornleifar. Frekari umfjöllun um fornleifar í Álfnesi og möguleg áhrif athafnasvæðis Sorpu bs. á forleifar er vísað til mats á umhverfisáhrifum framkvæmda sbr. lögum nr. 106/2000.

5.5.2 Náttúrufar

Umrædd svæði í Álfnesi sem verða til samanburðar í þessu mati eru ekki á verndarsvæði. Á þessu stigi ákvarðanatöku er því ekki fjallað um möguleg áhrif á náttúrufar. Í nágrenni við Álfnes eru þó svæði á Náttúruminjaskrá og því er hér lagt til að á stigi mats á umhverfisáhrifum framkvæmda verði fjallað um það hvort fyrirhuguð vinnsla úrgangs geti haft áhrif á lífríki þessara verndarsvæða, s.s. vegna hávaða, loft- og vatnsmengunar. Ef líklegt er talið að fyrirhuguð starfsemi valdi neikvæðum áhrifum þarf á því stigi þarf að skilgreina mótvægisáðgerðir til að koma í veg fyrir eða draga úr áhrifum.

Yfirlit yfir umhverfisþættir, lykil spurningar matsvinnu og gögn/upplýsingar

	Matsspurningar m.t.t. staðarvals	Gögn/upplýsingar
Ásýnd	Hversu sýnileg verða mannvirki/athafnasvæði frá lykilstöðum?	Upplýsingar um hæð og sýnileika/ásýnd mannvirkja.
Loftgæði	Er munur á staðarvalkostum m.t.t. lofgæða sem eru til skoðunar fyrir vinnslu úrgangs í Álfnesi?	Greinargerð um veðurfar í Álfnesi og Varmadal (Árni Sigurðsson og Kristín Hermannsdóttir). Álit sérfræðinga eftir því sem við á.
Hljóðvist	Er hávaði frá starfsemi Sorpu bs. í næsta nágrenni líklegur til að fara yfir viðmiðunarmörk?	Upplýsingar um starfsemi og hávaða frá vinnslu úrgangs.. Upplýsingar um mögulegar mótvægisáðgerðir. Upplýsingar um núverandi landnotkun og framtíðaráætlanir um landnotkun.
Skipulag og byggðapróun	Hvernig fellur staðarval fyrir vinnslu úrgangs að annarri landnotkun í nágrenninu? Hvernig samræmast áætlanir Sorpu bs. heildarpróun svæðisins?	Minnisblað frá Skipulags- og byggingarsviði Reykjavíkurborgar um framtíðar landnotkun í Álfnesi. Minnisblað Sorpu bs. um mögulega uppbyggingu í Álfnesi.



6. Upplýsingar og viðmið

Upplýsingar sem stuðst verður við í matsvinnunni eru sett fram í eftirfarandi töflu.

Gögn	Viðfangsefni matsvinnu
Aðalskipulag Reykjavíkur 2001-2024.	Upplýsingar um stefnu í byggðapróun og staðhættir og samgöngur.
Greinargerð um veðurfar í Álfnsesi og Varmadal (Árni Sigurðsson og Kristín Hermannsdóttir)	Veðurfar og tengsl við loftmengun/hávaða
Minnisblað frá skipulags- og byggingarsviði Reykjavíkurborgar	Umfjöllun um áhrif á byggð og breytingar á svæðis- og aðalskipulagi
Minnisblað Sorpu bs. um mögulega uppbyggingu í Álfnsesi.	Forsendur, staða skipulags, rammaskipulag
Minnisblað Reykjavíkurborgar um fjarlægð byggðar frá urðunarstöðum og jarðgerðar- og brennslustöðvum.	Umfjöllun um áhrif vegna starfseminnar, s.s. lykt, hávaða, útlit o.fl.
Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2009 – 2020.	Tekið tillit til áhersna umhverfismats áætlunarinnar.
Umsagnir fagstofnanna við matslýsingu.	Umsagnir nýtast til að skerpa á áframhaldandi matsvinnu.

Viðmið

Í eftirfarandi heimildum eru gerðar kröfur og/eða greint frá stefnu sem horft er til viðmiðunar þegar umhverfisáhrif aðalskipulagsbreytingu verða metin.

- Lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, m.s.br.
- Lög um náttúruvernd nr. 44/1999, m s.br.
- Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, m.s.br.
- Skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, m s.br.
- Skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, m s.br.
- Aðalskipulag Reykjavíkur 2001-2024 (greinargerð m. s.br.)
 - 3.1.19. Sorpförgunarsvæði.
 - 3.2.2. Álfnes. Landnotkun á 2001-2024.
- Reykjavík í mótun, Stefnumótun í átt að sjálfbæru samfélagi í Reykjavík til 2015.
- Reglugerð um hávaða 724/2008.



7. Vöktun/eftirfylgni

Umhverfismat aðalskipulagsbreytingu mun nýtast við vinnu vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmda. Á þessu stigi málsins er talið að þar þurfi að fjalla nánar um eftirfarandi atriði:

Umhverfisþáttur	Áhrif	Upplýsingar
Loft	Loftmengun vegna brennslu úrgangs. Staðbundin áhrif og áhrif á andrúmsloft. Fjalla þarf um mengunarefni sem verða til og til hvaða aðgerða verður gripið til að draga úr áhrifum og/eða koma í veg fyrir þau. Neikvæð áhrif geta orðið vegna lykta frá úrgangi og afurðum starfseminnar.	Samantekt um mengunarefni sem verða til vegna fyrirhugaðrar starfsemi og mótvægisáðgerðir sem gripið verður til. Mögulega álit sérfræðinga á því hvort staðbundið veðurfar geti átt hlut í því að áhrif verða neikvæð fyrir aðliggjandi hverfi.
Umferð	Neikvæð áhrif umferðar vegna meðhöndlunarstöðvar fyrir úrgang (og iðnaðarhafnar)	Upplýsingar um forsendur og umfang umferðar sem skapast á og í nágrenni Álfssness vegna þungaflutninga.
Vatn	Meta þarf hvort hætta sé á vatnsmengun vegna frárennslis frá vinnslusvæðinu. Fjalla þarf um meðhöndlun frárennslisefna og öryggisráðstafanir til að koma í veg fyrir grunnvatnsmengun eða mengun hafstrauma og áhrif á lífríki í nágrenninu.	Upplýsingar um meðhöndlun affalsvatns og frárennslis frá vinnslusvæðinu og áætlaðar mótvægis/öryggisaðgerðir til að uppfylla a.m.k. lagakröfur um mengun.
Dýralíf	Þekkt áhrif meðhöndlunar á lífrænum úrgangi eru að hún laði að sér meindýr sem sækja í úrgang. Fjalla þarf um mótvægisáðgerðir sem gripið verður til.	Upplýsingar um aðgerðir til að koma í veg fyrir þessi áhrif.
Ásýnd	Gera þarf ítarlega grein fyrir ásýnd bygginga sem hýsa vinnslu úrgangs. Fjallað verður um heildarásýnd Álfssnes í samhengi við aðra líklega starfsemi á svæðinu í framtíðinni og metið hvort grípa þurfi til mótvægisáðgerða til þess að draga úr neikvæðum áhrifum.	Ítarlegri umfjöllun um væntanlega ásýnd svæðisins þegar uppbygging hefur átt sér stað. Eftir því sem við á umfjöllun og ákvörðun um mögulegar mótvægisáðgerðir.

Til þess að greina nánar frá líklegum áhrifum og einstökum liðum matsvinnu þurfa nákvæmari upplýsingar að liggja fyrir um fyrirhugaða starfsemi, s.s. vinnsluferli, úrgangstegundir, áfangaskipting, umferð, starfsemi í nágrenninu o.fl.



8. Kynning og samráð

Í vinnu við tillögu að breytingu aðalskipulags er lögð áhersla á samráð við hagsmunaaðila. Umhverfismat skipulagsbreytingu verður kynnt á kynningar- og samráðsfundum í samræmi við hefðbundið ferli aðalskipulagsbreytingu. Gert er ráð fyrir að leita samráðs og álits fagstofnana á einstökum málaflokkum. Samráð og kynningar er ætlað að kynna fyrir íbúum og hagsmunaaðilum skipulagsvinnu og umhverfismat. Gert er ráð fyrir að fram komi ýmsar ábendingar m.a. um áherslur skipulagsvinnu og matsvinnu, valkosti og vægi umhverfisáhrifa.

Auk þess verður haft samráð við Skipulagsstofnun um umfang og áherslu matsvinnu eftir því sem við á í samræmi við lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

9. Heimildir

Aðalskipulag Reykjavíkur 2001-2024.

Minnisblað frá skipulags- og byggingarsvið Reykjavíkurborgar, 2008.

Minnisblað Sorpu bs. um mögulega uppbyggingu í Álfsnesi, 2007.

Minnisblað Reykjavíkurborgar um fjarlægð byggðar frá urðunarstöðum og jarðgerðar- og brennslustöðvum, 2008.

Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs, 2009 – 2020.